

## Auglýsing um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum og unnum kjötvörum frá Bretlandi.

Með vísan til sérstaks samnings milli Íslands, Noregs, Liechtenstein og Bretlands um viðskipti með landbúnaðarvörur, á grundvelli 65. gr. B búvörulaga nr. 99/1993 og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og til reglugerðar um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum og unnum kjötvörum frá Bretlandi nr. 1249/2025, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir eftirfarandi innflutning á landbúnaðarvörum, upprunnum í Bretlandi og með upprunavottorð þaðan fyrir tímabilið **1. janúar – 31. desember 2026**:

| Úr tollskrárn. | Vara                                                                    | Tímabil           | Vörumagn<br>kg | Verðtollur<br>% | Magntollur<br>kr./kg |
|----------------|-------------------------------------------------------------------------|-------------------|----------------|-----------------|----------------------|
| Úr 0406        | Ostur og ystingur (*)                                                   | 01.01. - 31.12.26 | 11.000         | 0               | 0                    |
| 0406           | Ostur og ystingur                                                       | 01.01. - 31.12.26 | 19.000         | 0               | 0                    |
| 1602           | Annað kjöt, hlutar af dýrum, blóð eða skordýr, unnið eða varið skemmdum | 01.01. - 31.12.26 | 18.300         | 0               | 0                    |

(\*) Upprunavörur með vernduðum upprunatáknun (VUT) og/eða verndaðri, landfræðilegri merkingu (VLM) sem fellur undir tollskrárlið 0406.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Berist umsóknir um meira magn innflutnings vara úr vörulið úr 0406(\*) en auglýstum tollkvóta nemur skal tollkvótanum úthlutað eftir hlutkesti. Úthlutun er ekki framseljanleg.

**Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu tollkvoti.is. Nýskráning notenda í vefkerfið fer fram hjá atvinnuvegaráðuneytinu. Ef óskað er eftir nýskráningu notenda skal hafa samband við atvinnuvegaráðuneytið [atr@atr.is](mailto:atr@atr.is).**

Opnað verður fyrir umsóknir á tollkvoti.is; mánudaginn 1. desember 2025 og skulu umsóknir berast fyrir kl. 23.59, mánudaginn 8. desember 2025.

*Atvinnuvegaráðuneytinu,  
1. desember 2025.*